



Fundur í sveitarstjórn

34. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Félagsheimilinu Þórsveri fimmtudaginn 22. október 2015 og hófst kl 17:00

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Dagrún Þórisdóttir, Heiðrún Óladóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Aðalfundur Eyþings 2015, ályktanir og samþykktir.

Lagðar fram til kynningar.

2. Fundargerð 176. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 7. október 2015.

Lögð fram til kynningar.

3. Fundargerð 5. fundar Hafnarnefndar Langanesbyggðar, dags. 13. október 2015.

Lögð fram til kynningar.

4. Fundargerð fundar stjórnar dvalarheimilisins Nausts dags. 14. október 2015.

Siggeir Stefánsson bendir á vanhæfi sitt til að fjalla um fundargerð stjórnar Nausts.

Samþykkt samhljóða.

Þorsteinn Ægir Egilsson bendir á vanhæfi sitt til að fjalla um fundargerð stjórnar Nausts.

Samþykkt samhljóða.

Siggeir og Þorsteinn víkja úr sal.

Björn Guðmundur tekur fundarstjórn.

Lagt er til að fundargerð verði samþykkt af sveitarstjórn Langanesbyggðar.

Samþykkt samhljóða.



LANGANESBYGGÐ

Siggeir og Þorsteinn taka aftur sæti og Siggeir tekur aftur fundarstjórn.

5. Fundargerð fundar stjórnar íþróttamiðstöðvarinnar Vers, dags. 14. október 2015.

Lögð fram til kynningar.

6. Fundargerð 11. fundar Fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags. 13. Október 2015.

Liður 1a. Leiðbeinendur.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framlagða bókun Fræðslunefndar.
Samþykkt samhljóða.

Liður 3g. Skólaakstur - akstursáætlun Grunnskóla Þórshafnar.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framlagða bókun Fræðslunefndar.
Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

7. Fundargerð 2. fundar Velferðarnefndar Langanesbyggðar dags. 14. október. 2015

Liður 2. Hreyfihamlaðir og aðbúnaður á tjaldsvæðum.

Lagt er til að forstöðumaður áhaldahúss taki út aðgengi fatlaðra að tjaldsvæðum í eigu Langanesbyggðar í samræmi við bréf frá tjalda.is.
Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

8. Fundargerð 14. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar.

Liður 1. Brú við Gunnlaugsá.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framlagða bókun Umhverfis- og skipulagsnefndar.
Samþykkt samhljóða.

9. Stígamót, styrkbeiðni.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar sér sér ekki fært að verða við beiðninni.
Samþykkt samhljóða.

10. Brunabót, Ágóðahlutagreiðsla 2015.

Lagt fram til kynningar.

11. Íbúðalánasjóður, erindi um eignanýtingu.



LANGANESBYGGÐ

Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur að svo stöddu ekki hug á að kaupa íbúðarhúsnæði í Langanesbyggð.
Samþykkt samhljóða.

12. Jafnréttisstofa, jafnréttisáætlun.

Velferðarnefnd er falið að endurskoða núverandi jafnréttisáætlun Langanesbyggðar ásamt því gera framkvæmdaáætlun.
Samþykkt samhljóða.

13. Byggðastofnun sértækur byggðakvóti.

Lagt fram til kynningar.

14. EFS Fjárhagsáætlun, viðaukar og samanburður.

Lagt er til að sveitarstjóri og oddviti útbúi drög að svari sveitarstjórnar og leggi fyrir næsta sveitarstjórnarfund.
Samþykkt samhljóða.

15. Þak á leikskóla Þórshöfn

Sveitarstjóri lagði fram og fór yfir minnisblað er varðar endurnýjun á þaki Leikskólans Barnabóls, kostnaður er áætlaður 800.000,-. Ekki var gert ráð fyrir umræddri endurnýjun í fjárhagsáætlun 2015.

Lagt er til að sveitarstjórn samþykki framkvæmdina með svohljóðandi bókun. Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir umrædda framkvæmd og um leið að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun í samræmi við 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Kostnaður eignfærist (31-3113-4399) og fjármagnast af handbæru fé.
Samþykkt samhljóða.

16. Hitastýringar Bakkafjörður

Sveitarstjóri lagði fram og fór yfir minnisblað er varðar viðgerð á hitakerfi Grunnskólans á Bakkafirði, kostnaður er áætlaður 650.000,-. Ekki var gert ráð fyrir umræddum kostnaði í fjárhagsáætlun 2015.

Lagt er til að sveitarstjórn samþykki framkvæmdina með svohljóðandi bókun. Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir umrædda framkvæmd og um leið að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun í samræmi við 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Kostnaður færist sem viðhald (31-31110-4620) og fjármagnast af handbæru fé.
Samþykkt samhljóða.

17. Þak Íþróttahús Þórshöfn.

Sveitarstjóri lagði fram og fór yfir minnisblað er varðar viðgerð á þaki



LANGANESBYGGÐ

Íþróttamiðstöðvarinnar á Þórshöfn, kostnaður er áætlaður 500.000,-. Ekki var gert ráð fyrir umræddum kostnaði í fjárhagsáætlun 2015.

Lagt er til að sveitarstjórn samþykki framkvæmdina með svohljóðandi bókun. Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir umrædda framkvæmd og um leið að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun í samræmi við 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Kostnaður færist sem viðhald (31-3121-4620) og fjármagnast af handbæru fé.

Samþykkt samhljóða.

18. Fjárhagsáætlun 2016, fyrri umræða.

Lögð fram fjárhagsáætlun 2016, áætlunin byggir á útkomuspá 2015 og forsendum er koma fram í minnisblaði sveitarstjóra.

Umræður fóru fram um fjárhagsáætlunina.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun 2016 og vísar henni til seinni umræðu.

Samþykkt samhljóða.

19. Fjárhagsáætlun 2017-2019, fyrri umræða.

Fjárhagsáætlun 2017-2019 byggir á fjárhagsáætlun 2016 og verður hún gerð í samráði við endurskoðendur miðað við áætlaðar vísitölhækkningar og rekstrarbreytingar næstu ára.

Áætlun borin upp til samþykktar.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun 2017-2019 og vísar henni til seinni umræðu.

Samþykkt samhljóða.

20. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir þau verkefni sem hafa verið í gangi og þau sem eru framundan.

Gengið hefur verið frá samningi um Sand til eins árs.

Fundað var með fjárlaganefnd Alþingis og nefndinni sent bréf. Sveitarstjóri sendi bréf til Íslandspóst og Landsbankans vegna breytinga á opnunartíma, óskað var eftir því að bréfin yrðu tekin fyrir í stjórn fyrirtækjanna.

Sveitarstjóri átti símafund með formanni félags Hreindýraleiðsögumanna vegna notkunar veiðimanna á slóðum og gangnakofum. Formaður tók að sér að koma því til leiðsögumanna að gæta þyrfti að umgengni og fá leyfi fyrir notkun. Sveitarstjóri ásamt formanni Umhverfis- og skipulagsnefndar átti fund með forsvarsmanni Varma og vélaverks ásamt aðila frá MEVA sem framleiðir hreinsibúnað fyrir fráveitur.

Sveitarstjóri hefur sett sig í samband við Orkusetur varðandi aðkomu þeirra að varmadæluhugmyndum og öðrum rafmagnssparandi aðgerðum.

Vodafone hefur ræst 4G sendi í Langanesbyggð.



LANGANESBYGGÐ

21. Trúnaðarfundur

Fundi lokað og fundargerð færð í trúnaðarbók.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið kl. 19:04